



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (byggingarstarfsemi, almenningssamgöngur o.fl. Mál á þingmálaskrá nr. 38.
Ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála.
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	13. nóvember 2019.

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs

Í fyrirhuguðu frumvarpi er ráðgert að leggja fram breytingar af nokkrum toga. Ekki er ráðgert að breytingarnar muni hafa veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs að því gefnu að ekki verði ráðist í breytingar á endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts vegna íbúðarhúsnæðis. Af því gefnu má búast við einhverjum tekjuauka. Ef sú ákvörðun verður hins vegar tekin, eftir skoðun á ákvæðum laganna er varða endurgreiðslu virðisaukaskatts af íbúðarhúsnæði, að ráðast í hækkun á hlutfalli endurgreiðslu virðisaukaskatts af íbúðarhúsnæði mun slík hækkun geta haft töluverð fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð.

- A. Byggingarstarfsemi og virðisaukaskattur: Líkt og fram kemur í skjalinu „áform um lagasetningu“ er fyrirhugað að breytingar verði gerðar á ákvæðum laganna er varða byggingarstarfsemi og virðisaukaskatt. Gert er ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar leiði af sér skýrara regluverk um byggingarstarfsemi hér á landi. Verulegum erfiðleikum er hins vegar bundið að meta bein jákvæð áhrif breytinganna fyrir ríkissjóð sem þó má gera ráð fyrir að verði einhver. Ef sú ákvörðun verður hins vegar tekin, eftir skoðun á ákvæðum laganna er varða endurgreiðslu virðisaukaskatts af íbúðarhúsnæði, að ráðast í hækkun á hlutfalli endurgreiðslunnar mun slík hækkun hafa töluverð fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð. Í því sambandi má nefna að beint tekjutap ríkissjóðs vegna hækkunar endurgreiðsluhlutfalls vegna íbúðarhúsnæðis úr 60% í 100% nemur u.þ.b. 7 ma.kr.
- B. Verktakar og almenningssamgöngur: Að því marki sem óskýrleiki eða vafi veikja almennt grundvöll skattalagningar gætu breytingar sem draga úr slíkum tilvikum leitt til aukinna tekna fyrir ríkissjóð. Þær fyrirhuguðu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu þess efnis að verktakar í almenningssamgöngum verði skattskyldir munu leiða til minna flækjustigs í skattframkvæmd og skýrari skattframkvæmdar. Þannig er ráðgert að breytingin muni leiða til einhvers tekjuauka fyrir ríkissjóð.
- C. Fjármálastarfsemi: Gert er ráð fyrir því að fyrirhugaðar breytingar á því ákvæði sem nú gildir um undanþágu fjármálastarfsemi frá virðisaukaskatti leiði til aukins skýrleika fyrir fjármálastofnanir og aðila sem inna af hendi þjónustu til fjármálastofnanna. Ekki er gert ráð fyrir því að breytingin hafi í för með sér fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð.
- D. Gert er ráð fyrir að þær minni háttar breytingar og lagfæringar sem lagðar verða til á tilteknum ákvæðum laganna með það að leiðarljósi að styrkja skattframkvæmdina sem slíka og koma í veg fyrir skattundanskot muni auka yfirsýn ríkisskattstjóra vegna skila skattaðila á

virðisaukaskatti. Bætt skilvirkni í löggjöf og framkvæmd er til þess fallin að auka tekjuskilvirkni sem hefur jákvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti.

2. Tekjubreytingar

Miðað við að ekki verði ráðist í breytingar á endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts vegna íbúðarhúsnæðis má ætla að brúttó áhrif á tekjuhlið verði jákvæð. Ef ákveðið verður að ráðast í breytingar á endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts vegna íbúðarhúsnæðis ráðast tekjubreytingar af þeirri hækkun sem um ræðir. Beint tekjutap ríkissjóðs vegna hækkunar endurgreiðsluhlutfalls úr 60% í 100% nemur um 7 ma.kr.

3. Útgjaldabreytingar

Ekki er gert ráð fyrir því að samþykkt frumvarpsins hafi útgjaldabreytingar í för með sér.

4. Eignabreytingar

Frumvarpi felur ekki í sér eignabreytingar fyrir ríkissjóð.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

Engir aðrir áhrifaþættir ættu að koma til sögunnar vegna frumvarpsins. |

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaáætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflökk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

Ekki hefur verið gert ráð fyrir áhrifunum í gildandi fjárlögum.

Ekki hefur verið gert ráð fyrir áhrifunum í fjárlagafrumvarpi komandi árs.

Ekki hefur verið gert ráð fyrir áhrifunum í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflökks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Þær lagabreytingar sem lagðar eru til munu ekki hafa teljandi áhrif á afkomu ríkissjóðs samanlagt verði frumvarpið óbreytt að lögum, að því gefnu að breytingar muni ekki eiga sér stað á endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts vegna íbúðarhúsnæðis. Ef tekin verður ákvörðun um hækkun endurgreiðsluhlutfalls virðisaukaskatts úr 60% í 100% verður nauðsynlegt að huga að fjármögnun aðgerðarinnar.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Nei. |

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið

Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á heildareftirspurn. Viðskiptalegar forsendur munu ráða því hvort áhrifa gætir á einstökum mörkuðum

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi slík áhrif.

3. Samkeppnisskilyrði

Gera má ráð fyrir að með samþykkt frumvarpsins leiða m.a. til bættra samkeppnisskilyrða hjá þeim aðilum sem hafa með höndum verktöku í almenningssamgöngum. |

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011

Frekara samráð er fyrirhugað við SÍS vegna verktöku og almenningssamgangna.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)

Á ekki við.

3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**

Á ekki við.

4. **Áhrif á byggðalög**

Mun verða skoðað í samráði við SÍS.

5. **Áhrif á frjáls félagasamtök**

Á ekki við.

6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna**

Á ekki við.

7. **Áhrif á lýðheilsu**

Á ekki við.

8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir**

Á ekki við.

9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri**

Á ekki við.

10. **Áhrif á stjórnýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni**

Fyrirhugað er frekara samráð við ríkisskattstjóra og hagsmunaaðila. Gert er ráð fyrir því að drögin verði birt í samráðsgátt Stjórnvalda.

11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar**

Frumvarpið hefur áhrif á skattskylda aðila, bæði einstaklinga og lögaðila.

12. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun**

Á ekki við.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag**

Heildarfjárhæð þess tekjuauka sem þannig má búast við að breytingarnar skili ríkissjóði fer eftir fjölda og fjárhæðum í þeim mörgu tilvikum sem búast má við að þær muni segja til sín í bættri skattframkvæmd frá og með gildistöku. Að því gefnu að ekki verði tekin ákvörðun um hækkun endurgreiðsluhlutfalls vegna íbúðarhúsnæðis má ætla að brúttó áhrif á tekjuhlið verði jákvæð og þá sérstaklega vegna skýrari ákvæða um byggingarstarfsemi, verktöku í almenningssamöngum, fjármálastarfsemi og skattframkvæmd í virðisaukaskatti. Aftur á móti ber að hafa í huga að ef ákvörðun verði tekin um hækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna íbúðarhúsnæðis úr 60% í 100% munu bein fjárhagsleg áhrif slíkrar aðgerða á ríkissjóð nema u.þ.b. 7 ma.kr.

Þar sem ákvæði frumvarpsins lúta að mestu leyti að auknum skýrleika á ákvæðum laganna er ekki gert ráð fyrir því að samþykkt frumvarpsins hafi útgjaldabreytingar í för með sér.

2. **Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á**

Á ekki við.

3. **Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)**

Skýrari löggjöf á sviði virðisaukaskatts til hagsbóta bæði fyrir almenning og stjórnvöld.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. **Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?**

2. **Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?**

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?